

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um laun og hlunnindi vegna
aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver hafa verið laun og hlunnindi aðalsamningamanns og formanns samninganefndar Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið frá árinu 2009 og til dagsins í dag? Hver hafa verið laun og hlunnindi formanna tíu samningahópa, sjö annarra nefndarmanna í samninganefndinni, starfsmanns nefndarinnar og fulltrúa í hverjum samningahópi á sama tíma?
2. Hver hafa verið laun og hlunnindi formanns og tveggja varaformanna samráðshóps sem utanríkisráðherra skipaði á grunni ályktunar Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu? Hver hafa verið laun og hlunnindi þeirra 24 einstaklinga sem voru skipaðir í þennan hóp?
3. Hver var starfsmannakostnaður við vinnu allra þessara hópa?

Skriflegt svar óskast.